



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



BLÁSALIR

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat xxx deildar	5
3 Ytra mat	Error! Bookmark not defined.
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
6 Foreldrasamvinna	25
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
8 Fylgigögn.....	27
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	27



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2010 til 2020 var um margt óvenjulegt. Í upphafi skólaársins var unnið að því að taka á móti nýjum börnum og foreldrum þeirra eins og vanin er á haustin. Nýir foreldrar fá góðar upplýsingar sendar frá okkur í gegnum tölvupóst sem við höfum lagt metnað í að endurgera. Einnig tókum við á móti nýjum starfsmönnum. Aðlögunin tók langan tíma því börn sem voru að flytjast á milli skóla komust ekki inn vegna starfsmanna skorts í öðrum skólum. Af því leiddi að aðlögun var allan september mánuð og fram í október. Kom þessi langa aðlögun barna sér afar illa fyrir leikskólann fjárhagslega.

Við völdum að taka læsi sem okkar þátt í menntastefnu Reykjavíkurborgar og nýttum starfsdaga haustsins í að fá námskeið fyrir starfsfólk um málörvunarverkefnið „Lubbi finnur málbeinið“. Einnig fórum við í heimsóknir í skóla sem eru með langt og farsælt starf í vinnu með Lubba. Á yngstu deildum leikskólans héldum við áfram með Bablarna sænskt málörvunarverkefni sem við höfum verið að þróa og vinna með undanfarin ár.

Allt gekk samkvæmt skóladagatali og okkar áætlun fram í febrúar en þá fór Efling í verkfall og raskaðist starf allra deilda mikið. Önnur af yngri deildunum lokaði alveg þann tíma. Í kjölfarið fylgdi síðan kórónuveiru faraldurinn og röskun á skólastarfinu var umtalsverð. Skólanum var skipt upp í tvö sóttvarnar hólfi þar sem börn og starfsfólk mæti í skólann ákveðna daga. Leikföngum var fækkað á deildum og skipt út reglulega einnig var sérstök áhersla lögð á handþvott og sótthreinsun. Foreldrar fengu reglulegar leiðbeiningar um aðkomu að skólanum auk þess sem upplýsingapóstar voru sendir til þeirra. Einn starfsmaður greindist með smit og í framhaldi af því var leikskólanum lokað frá 7. til 21. apríl. Starfsmaðurinn var einkennalaus og engin smitaðist af honum sem var mikil blessun, en auðvita var hræðsla í bæði starfsmanna og foreldrahópnum. Leiðbeiningar frá Sóttvarnarlækni og almannavörnum voru sendar á allan hópinn.

Skólastarf eftir þennan tíma fór hægt af stað og litaðist af varfærni og sóttvarnir varðandi smit og smitleiðir. Börnin komu glöð og tilbúin til starfa eftir þennan óvenjulega tíma sem var mjög gleðilegt. Nokkrir þættir þar sem foreldrar koma að skólastarfinu eins og opið hús,



útskrift elstu barna og foreldrakaffi hafa tekið mið af fjöldatakmörkunum og hafa verið feldir niður eða hafðir með breyttu sniði.

Námsferð til Bergen sem var á áætlun í lok maí var ekki farin og var annar starfsdagurinn tekin en hinn verður tekin í haust að fengnu leyfi frá foreldraráði leikskólans. Vegna allra þessara breytinga á skóladagatali og vinnu sem skipulögð var í læsi en tókst ekki sem skyldi þá var ákveðið að sækja um læsisþátt menntastefnunnar aftur og höfum við fengið samþykki fyrir þeirri þróunarvinnu. Þróunarstyrkur Reykjavíkur vegna menntastefnunnar verður því læsi og verður þróunarstyrkurinn notaður í innleiðingu og umbótastarf.

Heimahagar er verkefni sem Blásalir, Rauðaborg, Heiðarborg og Selásskóli vinna saman að með elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans hafa unnið saman í útikennslu í nokkur ár. Selásskóli sá um að sækja um styrk til Sprotasjóðs vegna þróunarverkefnis sem ber nafnið Heimahagar og íslenski hesturinn. Áhersluatriði Sprotasjóðs þetta árið byggja á heimsmarkmiðum Sameinuðu n um sjálfbæra þróun og passaði það okkur vel. Skólarnir fengu styrk til ársins 2021 og verðum við í samstarfi við hestamannafélagið Fák sem er í göngufæri fyrir alla skólana. Þetta samstarf skólana hefur verið mjög farsælt og er mikilvægur þáttur í brúarsmíði milli skólastiga auk þess sem útikennsla hefur alltaf verið stór þáttur í okkar starfi.

Skólanámskrá Blásala er í stöðugri skoðun og munum við vinna með þætti sem snúa að hlutverki kennara og starfsánægju á næsta skólaári. Þar munum við nýta meðal annars lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskóla Íslands sem heitir Handbók leikskólastarfsmanna. Þar er að finna góða uppsetningu á efni sem varðar styrkleika kennara, áskoranir, umhverfi og líðan bæði fullorðinna og barna.



2 Innra mat Guludeildar

Tólf börn sem öll voru að byrja sitt fyrsta ár á leikskóla byrjuðu um haustið og gekk aðlögun vel á deildinni. Börnin komu úr ólíkum áttum og nýttum við okkur nýju móttökuáætlunina í mótökur erlendra barna sem nýttist mjög vel en deildin var með börn frá sjö þjóðernum þetta árið. Um áramótin fjölgaði börnum upp í fimmtán á deildinni og fengum við vanan starfsmann í húsi inn á deild til okkar. Í haust fengu foreldrar sendar upplýsingar um aðlögun barna og hlutverk foreldra á aðlögunartímanum og það skilaði sér vel í aðlögun barnanna. Í febrúar lokaði Guladeild vegna verkfalla.

Í kjölfar verkfallsins kom kórónuveirufaraldurinn og rá 25. mars var öllum börnum leikskólans skipt upp í tvo hópa A og B. Guladeild var þó frábrugðin öðrum deildum að því leiti að við gátum boðið öllum börnum deildarinnar að mæta alla daga þar sem stór hluti deildarinnar fór í sjálfskipaða sóttkví. Var tímabilið nýtt til í útináms eins og kostur var. Að undanskildum lokunum vegna smits í húsinu 7. – 21. apríl. Covid-19 gerði það að verkum að við komum útinámi barnanna á mjög gott skrið. Við byrjuðum á að fara alltaf sömu leiðina til að efla öryggi barnanna og lögðum orð á alla hluti og gjörðir okkar sem og barnanna. Um vorið vorum við að fara með stærri hópa og deildina í lengri ferðir sem við nýttum í málörvun og margvíslega kennslu t.d. málörvun, hlutföll og stærðfræði. Þetta starf langar okkur að þróa með næsta barnahóp áfram.

Þar sem allt starf sem sem átti að hefjast í janúar þegar ró kæmi á deildina féll um sjálft sig að mörgu leyti t.a.m vegna aðlögunar barna á deildina, verkfalla og Covid-10 þá stefnum við að því að hafa sömu umbótaþætti og var stefnt að á þessu skólaári.

Mói Mús er verkefni sem við höfum unnið með í sambandi við heima menningu en féll niður í Covid-19 en gekk mjög vel fram að því. Haldið verður áfram með Móa mús um leið og færi gefst. Ferilmöppurnar hafa verið í stöðugri vinnslu eins og hægt var miðað við aðstæður vetrarins og hefur gengið vel. Megum gera betur í að fá myndir að heiman en það gekk ekki eins og við vonuðumst til.

Ef upp kemur svipað ástand aftur og var í vetur þar sem þarf að skipta börnum og starfsfólki upp vegna umgangsspesta myndi ég vilja breyta verklagi deildarinnar. Það væri gott að hafa samskipta bók á deildinni. Í bókina myndu starfsmenn skrá hvernig dagurinn hafi verið og ef

eitthvað kæmi upp t.d ef foreldrar þurfa að ná á deildastjóra, barn meiðir sig o.s.f. Öll almenn skilaboð sem þyrftu að komast á milli færu í þessa bók

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðm ið um áran gur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalý sing og /eða mælikv arði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmi ði.
Hljóðvitun d barnanna	Ætlum að byrja á markvis sri vinnu með hljóðvit und barnann a. Efla hljóð vitund barnann a.	Leggjum inn einn babblara í einu lærum hvað hann heitir, lit og hljóð Ásamt Lubba	Erum byrjuð að vinna með Babblana . Erum að hlusta á löginn og notum táknin frá Lubba	Deildarstjór i ber ábyrgð á verefninu.	Við ætlum að endur meta verkefni ð tvisvar á ári. Í janúar og að vori 2021.	Að börnin nái að greina muninn á milli hljóða í þessu verkefni auk þess að þau séu farin að nota hljóðin.	



	Að barnið nái að greina muninn á milli tveggja líkra hljóða						
Heimamenning	Auka tenging u á milli heimilis og skóla	Mói mús fer á milli heimila ásamt bók sem foreldrar skrá samverustundir baranna og músarinnar. Lesið verur upp í samveru fyrir börnin hvað þau gerðu með Móa mús.	Hefst í Jan 2021 líkur vorið 2021	Allir starfsmenn deildarinnar sjá um að bókin og músin fari á milli barnana en Deildastjóri sér um að þessu verði fylgt eftir.	Metið að vori Spyrja foreldra í foreldra viðtölu m hvernig þeim hafi fundist verkefnið í vor viðtölu m.	Stefnt er að því að öll börn fái bókina heim og skrifi í hana. Að vori kemur í ljós hverjir tóku þátt í verkefninu og hversu vel tókst til. Stefnt er að því að fá alla til að taka þátt óháð íslensku kunnáttu.	
Skráningar möppur	Við ætlum við að halda áfram að bæta það sem ekki gekk nógu	Við biðjum um myndirnar með foreldrahandbókinni í tölvupósti sem foreldrar fá með í upphafi skólagöngu	Verkefnið hófst í sept 2018 og er áætluð lok vorið 2021	Deildars tjóri ber ábyrgð á verkefninu.	Við ætlum að endur meta verkefnið tvisvar á ári. Í	Stefnt er að því að fá inn myndir frá 90% heimila barnanna	



	vel að kalla eftir á síðasta skóla ári T.D að fá myndir að heiman af fjölskyldu og nánustu ættingu m o.s.f	barnsins. Einnig biðjum við um myndirnar þegar barnið er byrjað. Ef það gengur ekki eftir fer miði í hólfi barnanna þar sem foreldrar eru minntir á myndirnar			janúar og að vori 2021.		
--	---	---	--	--	----------------------------------	--	--

Innra mat Bláudeildar

Veturinn á Bláudeild hefur gengið mjög vel þrátt fyrir að starfið hafið verið með allt öðrum hætti eftir áramót. Verkfall Eflingar og síðan Covid veiran hafði þau áhrif að börn og starfsfólk mætti mjög takmarkað í leikskólann eftir 11. febrúar. Við vorum sem betur fer með sterkan barnahóp sem tók þessum breytingum sérstaklega vel. Það var helst þegar börnin mættu öll aftur í leikskólann að við fundum fyrir þreytu hjá mörgum þeirra enda hentaði þeim miklu betur að vera færri á deildinni með mikið leikpláss og starfsfólk gat sinnt öllum börnunum vel.

Í haust voru tveir vanir starfsmenn og átta börn en eftir áramót bættust við tveir kennarar (einn nýr og einn vanur) og fjölgaði börnunum í 15. Öll börnin á deildinni voru að byrja sinn fyrsta vetur í leikskólanum. Aðlögun gekk mjög vel. Í haust byrjuðum við á að senda til nýrra foreldra ítarlegar upplýsingar um aðlögun barna og hlutverk foreldra á aðlögunartíma. Okkur fannst þessar upplýsingar vera mjög mikilvægar til að gera foreldrana öruggari þegar börnin þeirra hófu sína leikskólagöngu og þau vissu til hvers var ætlast af þeim. Þegar aðlögun hófst ræddi deildarstjórinn enn frekar við foreldrana um aðlögunina út frá hverju barni og hversu tilbúin börnin þeirra eru til að vera skilin eftir, sum börn þurfa lengri aðlögunartíma. Það skiptir gríðarlega miklu máli að það náist gott og traust samband milli foreldra og starfsfólks strax í byrjun til að barninu líði vel. Við munum halda áfram næstu ár að senda til nýrra foreldra ítarlegar upplýsingar um aðlögun barna.

Umbætur síðasta skólaárs:

1. Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna.

Markmið okkar var að vinna með Babblararnar (bækur sem þjálfar hljóðkerfisvitund barna) í litlum hópum á deildinni til að efla málþroska barnanna. Við sáum fljótt að okkur fannst betra að leyfa þessu verkefni að vera í öllu starfi á deildinni. Við lesum bækurnar í samverustund og einnig með fáum börnum í frjálsum stundum. Við höfum Babblararnar vel sýnilega á deildinni (myndir á veggjum/gluggum) þannig að það myndast umræður út frá þeim. Þau hafa málað Babblara myndir auk þess að öskudagsbúningar sem börnin bjuggu til voru í þessu þema.

Styrkleikar: Babblararnir höfðuðu mjög vel til barnanna. Börnin á deildinni voru ung og mörg þeirra ekki farin að tala en þau voru fljót að læra nöfnin á öllum fígúrunum í bókinni og biðja okkur um að lesa bækurnar fyrir sig. Þau æfa sig að segja mörg orð þegar þau hlusta á sögurnar eins t.d. litina,



upp, yfir, bak við o.fl. Myndirnar í bókunum eru einnig mjög fallegar, einfaldar og stílhreinar og ná til barnanna.

Tækifæri til umbóta: Við stefnum að fjölga bókum. Börnin voru fljót að læra nöfnin á fígúrunum í bókinni og hefðu auðveldlega getað kynnst fleirum og aukið þannig orðaforðann. Það væri einnig gott að eiga harðspjaldabækur þannig að börnin geta skoðað bækurnar án þess að þær rifni auðveldlega,

2. Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna.

Markmið okkar var að nýta deildarfundir betur til að ræða saman um málþroska barnanna á deildinni.

Styrkleikar: Við vorum mjög meðvitaðar um að eiga einstaklingsumræður við öll börnin á deildinni og þannig reyndum við eftir bestu getu að sýna öllum börnum á deildinni athygli. Okkur finnst best að skipta börnunum upp í litla hópa til að hafa betri yfirsýn yfir börnin. Á deildarfundum ræddum við um hvaða börn þyrftu sérstaka aðstoð við að efla málþroskann.

Tækifæri til umbóta: Við höfum ákveðið að nýta útiveruna enn frekar til að eiga góðar samræður við börnin.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmt við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná



							markmiði.
Málörvun	Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna.	Vinna með Babblarna og Lubba á deildinni. Vinna í litlum og stórum hópum hópum með Babblarna.	Sept- maí	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Deildarfundir notaðir í umræður og mat.	Að starfsfólk fái verkfæri í hendurnar til að vinna með málörvun í daglegu starfi.	
Grunnþættir menntunar	Að sex grunnþættir menntunar séu leiðarljós í hópastarfi á morgunanna.	Undirbúa vel hópastarfi. Hópastarfið á að vera fjölbreytt og þroskandi.	Sept- maí	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Rætt á deildarfundum í lok haustanna og lok vorannar.	Að starfsfólk hafi meiri yfirsýn yfir starfið á deildinni.	

Innra mat Grænudeildar

Byrjun sept. 2019 14 börn, nóvember 2019 17 börn, níu stúlkur og átta drengir. 2 börn fædd 2016 og 15 börn fædd 2017. Af þessum barnafjölda voru þrjú börn með pólsku sem móðurmál. Haustönnin einkenndist af aðlögun barnahópsins ásamt því að gefa nýjum



starfsmönnum tækifæri á að komast inn í deildarstarfið og kynnast börnunum og samstarfsfólki.

Deildarstarfið á skólaárinu: Það var lögð áhersla á að vera með tvískipta samveru yfir allan leikskóladaginn og að skipta börnunum niður í litla hóp á frjálsa tímanum á morgnana og síðdegis til að skapa meiri yfirsýn, rými og tíma fyrir hvert barn. Það voru settir saman þrír útinámshópar fyrir útinámið á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum 6 börn í tveimur hópum og 5 börn í einum hóp, tveir kennarar fóru með hverjum hóp í útinámið sem fór fram ýmist í Gullkistunni eða í nærumhverfi leikskólans.

Ákveðið var að taka inn á allar deildir „Lubbi finnur málbein íslensku máhljóðin sýnd og sungin“. Það fór ágætlega af stað og reyndum við eftir bestu getu að halda því lifandi yfir skólaárið, t.d. með því að hafa stafavísurnar fyrir hvert máhljóð sem matarvísu í viku í senn. Skoða og lesa litlu sögurnar sem fylgdu fyrir hvern staf og ræða um orðin sem komu fyrir í hverri sögu. Einnig vorum við með aðgengilegt í ípad forritið „Lærum og leikum með hljóðin“ börnin voru áhugasöm að skoða og framkvæma æfingar því tengdu.

Vorönnin átti sér enga hliðstæðu vegna þess að 11. febrúar 2010 skall á mánaðarverkfall hjá Eflingu, fljótlega eftir að því var lokið var sett á samkomubann vegna COVID-19 sem stóð til mánaðamóta apríl/maí. Þetta ástand hafði veruleg áhrif á deildarstarfið og ýmislegt sem var á döfinni breyttist mikið eða féll alveg niður.

Umbótaþættir skólaárið 2019-2020

Skráning á leik barnanna:

Var ekki framkvæmt á þessu skólaári eins og við höfðum lagt upp með. Þess vegna setjum við það aftur í umbótaþátt.

Sjálfhjálpar barna:

Í heildina gekk þetta vel yfir tímabilið. Við fengum nýjan langan vask með þremur krönum í hæð barnanna á deildina sem auðveldaði okkur að hvetja börnin til sjálfshjálpar á wc ferðum. Á speglinum á baðherberginu voru hengdar upp myndir sem sýndu handþvott og það var fljótandi sápa í þeirra hæð ásamt þurrkum. Einnig vorum við með vísu um handþvott

sem við sungum oft á baðherberginu. Þetta gerði börnin áhugasamari og auðveldaði þeim að æfa sig í sjálfshjálpi á baðherbergi. Það gekk vel að bjóða börnunum að ganga frá sínum matarílátum eftir matartíma, það sem þurfti að hafa í huga var að gefa nægan tíma þess vegna í byrjun skólaárs tóku kennarar matarleifar ef einhverjar voru af diskunum til að börnin æfðu bara að setja disk, glas og hnífapör á réttan stað á matarvagninum.

Styrkleikar: myndrænn handþvottur, langur vaskur með þremur krönum gerði börnunum mun auðveldara fyrir að æfa sjálfshjálpi á baðherbergi.

Ritmálið sýnilegt á deildinni:

Það gekk með ágætum. Hlutir á deildinni voru merktir t.d. í eldhúskróknum þeirra og helstu hlutir á deildinni þeirra eins og við höfðum ætlað okkur. Stórir bókstafir á vegg, nöfn barnanna með mynd á samverusvæði og skúffurnar þeirra merktar með nafni. Það gekk vel að vekja áhuga barnanna á bókum og það var lesið og skoðað með þeim bækur á hverjum degi. Matarvísa var stafavísan úr „Lubbi finnur málbein“ sem er vísa fyrir hver málhljóð og var hver vísa höfð viku í senn.

Tækifæri til umbóta:

Ákveðið að vera með bókaorm (börnin munu taka þátt í því að búa til hausinn á bókaorminum) kennarar á deildinni skrá niður þær bækur sem lesnar eru yfir daginn á spjöld (gætu t.d. verið formin) og hengjum upp á vegg fyrir aftan hausinn á orminum með aðstoð barnanna þannig mun ormurinn lengjast og lengjast yfir skólaárið.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarð



			framkvæmi r				i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla orðaforða barnanna	Koma upp bókaormi á deildinni. til að efla áhuga barnanna á bókum og auka orðaforða þeirra með því að skoða og lesa bækur	Velja bækur sem hæfa aldri og þroska barnanna. Börnunum skipt niður í tvo hópa. lesið fyrir börnin í samverustund á morgnana.	Deildarstjór i ber ábyrgð Allir kennarar á deildinni framkvæm a	20.sept 2020	1.ma i 2021	Kennari skrifar heiti bókarinnar á spjald og börnin eru þátttakendur í því að setja spjaldið fyrir aftan hausinn á bókarorminum.	Að starfsfólk verði meðvitað um mikilvægi bóka fyrir orðaforða og málþroska barnsins.
Auka samskipti og samræður við börnin	Starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að eiga samtal og samskipti við hvert barn á hverjum degi	Innleiða „Gefðu 10“ á deildinni. Starfsfólk kynni sér leiðbeiningarbæklin g og tileinki sér þessa aðferð	Deildarstjór i ber ábyrgð. Allir starfsmenn deildarinnar framkvæm a	1.des 2020	1.apr l 2021	Einn deildarfundur í hverjum mánuði notaðir til að ræða hvernig gengur og meta hverju sinni Sérstakt skráningarblað um hverjir(börn og starfsfólk) gefa og fá „10“	Starfsfólki gefið tækifæri til að hafa betri yfirsýn yfir færni og áhugasvið barnanna og efla þau til þátttöku í daglega starfinu



Innra mat Rauðudeildar

Starfsárið gengið vel sem meðal annars má þakka reynslumiklum og samhentum starfsmannahópi og eins voru litlar breytingar í flottum barnahópi að hausti. Frjáls leikur var einkennandi fyrir starfið á deildinni, leitast var eftir að elta áhugasvið barnanna og skapa aðstæður og aðgang að opnum og skapandi efnivið sem og tókst vel. Gleði og vinátta ríkti í samrýmdum og skemmtilegum barnahópi og gott samstarf var á milli foreldra og starfsfólks. Veturinn fór því vel á stað þar sem unnið var markvissara en áður með læsi (grundvallarþáttur menntastefnu), útinám var fastur liður í starfinu og starfsmenn æfðu sig í að hugsa hverja mínútu sem námstækifæri fyrir börnin. Verfall Eflingar setti þó stórt strík í reikninginn eftir áramót og var deildarstjóri eini starfsmaðurinn á deildinni. Fannst erfitt að vera ein með barnahóp auk þess að vera leiðsagnarkennari á sama tíma – í mörg horn að líta og erfitt að ætla sér að vera á fleiri en einum stað í einu. Eins setti Covid 19 svip á starfið og margt unnið með öðrum hætti en planað var eftir áramót sbr. samvinnuverkefni við Tónskóla Sigursveins og læsisverkefnið Lubbi finnur málbein. Sökum verkfalls og Covid 19 var eins ekki hægt að vinna að öllum þeim umbótum sem til stóð (líka lagt upp með allt of margar), aðgangur að starfsfólki mjög skertur og því erfitt að innleiða breytingar og hafa heildarsýn. Önnur tækifæri sköpuðust þó í staðinn og var t.d gaman að sjá hvernig leikurinn blómstraði í minni hópum, ný vinabönd styrktust hjá börnunum og eins var athyglisvert að sjá hversu lítið börnin söknuðu þess að leikföng væru tekin úr umferð. Höfum í framhaldi minkað leikföng á deildinni og það reynst vel.

Erum spenntar að hefja nýtt skólaár með 1 nýjum starfsmanni og 14 nýjum börnum, barnahópi sem saman stendur af mörgum ungum börnum. Áhersla verður áfram sett á læsi sem grunnþátt menntastefnu og taka umbætur því að miklu leyti mið af læsistengdum verkefnum.

Umbætur síðasta skólaárs:

1. Kynning á ferilmöppu

Markmiðið var að gera ferilmöppurnar meira aðgengilegar fyrir börn og foreldra og auka notkun þeirra

Styrkleikar: Börnin sóttu meira í að skoða ferilmöppurnar og foreldrar voru virkari í að koma með skráningar að heiman. Vorum dugleg að hvetja foreldra til að skoða möppurnar. Mappan nýttist vel



sem samræðugrundvöllur og til að meta nám barnanna. Ætlum að halda þessu fyrirkomulagi áfram og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

2. **Sýnileiki ritmáls í samverustundum:** Markmið okkar var að nýta rit- og myndmál meira í samverustundum í þeim tilgangi að vekja áhuga barnanna og forvitni á ritun.

Styrkleikar: Hengdum upp Lubbaspjöldin og notuðum nafnspjöldin þeirra markvissara í samveru. Notuðum eins Ipad til að skoða veðurtáknin.

Tækifæri til umbóta: Finna til meira af myndum og prenta út mynd og ritmál saman.

3. **Aðgengi elstu barna til að ganga frá eftir hádegismat:** Vildum efla sjálfshjálpi í matartíma.

Styrkleikar: Börnin hafa nú aðgang að vagni þar sem þau geta gengið frá eftir matmálstíma og sjá alfarið um að ganga frá sjálf. Þessum umbótaþætti því lokið.

4. **Órói í leik barna á deild í kaffitíma starfsmanna:** Vildum auka gæði leiks eftir hádegi

Styrkleikar: Ákváðum að færa útiveru þar til eftir hádegi – útivera á kaffitímum starfsmanna. Gekk mjög vel, samfelldari tími fyrir leik fh. Gekk vel að innleiða, umbótaþætti lokið.

5. **Gefa fjöltyngdum börnum 10:** Ætluðum að nota teygjur til að vinna markvisst með „að gefa 10“.

Styrkleikar: Starfsfólk var meðvitaðra um að tala við þau börn sem við höfðum ákveðið að styrkja sérstaklega, hvetja þau til að nota málið og eins lesa fyrir þau.

Tækifæri til umbóta: Kaupa betri teygjur og nota þær markvissara

6. **Elta áhugasvið barnanna:** Vildum auka vægi barnanna til að hafa áhrif á nám sitt með því að velja sjálf viðfangsefni.

Styrkleikar: Kennarar mun meðvitaðri um að koma á móts við óskir barnanna um viðfangsefni og mikilvægi þess að aðstoða þau við að fá þann efnivið sem þeim vantar til úrvinnslu. Gengið vel – halda áfram á sömu braut.

7. **Skráningar:** Settum okkur það sem markmið að allir starfsmenn æfðu sig í að gera skráningar fyrir ferilmöppur – vildum dreifa verkefnum

Styrkleikar: Fleiri starfsmenn en deildarstjóri komu að skráningum sem gerir skráningarnar fjölbreyttari og eins gaman fyrir starfsmenn að taka þétt í fjölbreyttum verkefnum

Tækifæri til umbóta: Finna leiðir fyrir erlenda starfsmenn til að gera skráningar. Ætlum að geyma þennan þátt.

8. **Markviss lestur:** Vildum hvetja öll börnin til að koma með uppáhalds bókina sína í leikskólann sem svo yrði lesin fyrir þau og vinna þannig markvissara með læsi.

Styrkleikar: Fór vel af stað, börnin mjög áhugasöm um að koma með bók. Ætlum að setja þetta verkefni á bið vegna covid19.

9. **Lesstundir:** Vildum vinna markvissara með læsi og bjóða upp á lesstundir daglega, fyrir utan samverustundir.

Styrkleikar: Starfsmenn lásu mun oftar fyrir litla hópa og einstök börn á öllum tíma dags.

Tækifæri til umbóta: Gera markvissara, gera skráningar á hvenær dags er lesið, hvar og fyrir hverja og sjá þannig hvernig flæðið virkar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Læsi – 1. Fjölga lesstundum og huga að aðgengi barnanna að bókum	Að öll börn hafi aðgang að bókum og fái notið þess að láta lesa fyrir sig	Að gefa tíma og rými fyrir lestur bóka oft á dag. Hvetja alla kennara til að vera duglega að bjóða upp á lestur bóka á öllum tíma dags. Setja í vinnuskipula g ef að með þarf. Passa að bækur í bókastandi séu fallega raðað upp og eftirsóknave rðar.	Sept- maí	Deildarst jóri og kennarar deildarin nar.	Deildarfundir notaðir í umræður og mat. Notum matslista sem við fyllum inn í fyrir hvern og hvar var lesið. Fylgjumst þannig með flæðinu.	Að börnin geti litið á bækur sem skemmtileg an efnivið og njóti yndislestur s.	
Læsi: 2. Sýnileiki ritaðs máls á deild og í samverustu ndum	Að börnin upplifi ritmál sem eðlilegt táknkerfi sem þau kynnast og læra á.	Að nota ritun í sem flestum aðstæðum – merkja hluti, nota nafnspjöld og þegar myndir eru notaðar þá líka ritun með mynd	Sept- Maí	Deildarst jóri og kennarar deildarin nar	Rætt reglulega á deildarfundum . Notum starfsdaga til að endurmeta og bæta í.	Að börnin nái að kynnast bókstöfum og ritmáli á sem eðlilegasta n hátt, í gegnum leik sinn og starf.	

3: Málörvun; fyrir fjöltyngd börn og börn með seinkaðan málproska	Að gefa börnum með seinkaðan málproska auka tíma	Nota gef mér 10	Sept- maí	Allir kennarar	Endurmat á hverjum degi til að byrja með – nokkur orð/ hugleiðingar frá hverjum starfsmanni um afrakstur dagsins. Þáttur í að festa í sessi. Síðar metið á starfsmannafu ndum.	Að allir kennarar hafi tileinkað sér að nýta sér þessa leið til málörvunar og noti markvisst í öllu daglegu starfi.	
4. Hlutverk kennarans í leikumhverfi barnanna	Að kennarar líti á frjálsan leik sem námsleið og séu meðvitaðir um mikilvæg i þess að hann sé áhugasa mur og styðjandi við leik barnsins.	Deildarstjóri fyrirmynd, umræður, hvatning og endurgjöf til annarra kennara. Leseftir fyrir kennara, ákveðið af stjórnendum skólans.	Sept - maí	Deildarstjóri	Endurmetið með umræðum og dæmum á deildarfundum .	Að allir kennarar horfi á hverja stund sem námstækifæri fyrir barnið.	



Menntstefna-læsi

Ákveðið var að taka læsi aftur fyrir sem innleiðingar þátt í leikskólanum skólaárið 2020-2021.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæ ri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lo kið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihóp ur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og/eða mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Gefðu 10	Innleið a gefðu 10 í öllu leikskól anum	Kynning og skipulag á deildarfundum Markvisst samtal daglega við títyngd börn a deildinni	deildarstjórar	Sept 2020	M aí 20 21	Mat vor 2021	Allar deildar sému búnar að tileinka sér vinnubr ögð
Meta stöðu allra tvítyngdr abarna	Tekið verði staðan á öllum tvítyng dum börnu	Gerð verði áætlun/einstakli ngsnámskrá fyrir öll tvítyngd börn í leikskólanum	Deildarstjórar/ sérkennslustjóri	Sept 2020	M aí 20 20	Stöðumat á tvítyngdum börnum maí 2020	Að öll tvítyng d börn í leikskól anum hafi fengið



	m í leikskólanum						stöðumat og áætlun og sýni framfarir
Málörvun tvítyngdra barna	Ákveðin starfsmaður verði með málörvun tvítyngdra barna	Að öll tvítyngd börn fái ákveðin tíma í hverri viku með sérstakri málörvun, þar sem einstaklingsáætlun er fylgt.	Deildarstjóri/sérkennslustjóri	sept. 2020	Máí 2021	Endurmat máí 2021	Að öll tvítyngd börn fái málörvunar tíma í hverri viku.
Upplýsinga og fræðsuveggur	Útbúa upplýsinga og fræðsluvegg fyrir foreldra	Finna heppilegan stað, þar sem foreldrar fá góðar og faglegar ráðleggingar um læsi barna.	Stjórnendur	Septembar 2020	Máí 2021	Endurmat á deildarstjórafundum og starfsdegi í máí. Könnun meðal foreldra	90% ánægja
Málstefna	Að útbúa málstefnu leikskólans	Að opinber málstefna leikskólans verði útbúin	Stjórnendur	Septembar 2020	Máí 2021	Deildarstjórafundum og starfsdegi 2021	Að allir starfsmenn og foreldrar verði upplýstir um málstefnu



							leikskólans
--	--	--	--	--	--	--	-------------

Hlutverk kennara og starfsánægja

Námsumhverfi

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk kennara	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Að allir starfsmenn leikskólans verði meðvitaðir um hlutverk sitt í tengslum við nám barna, í leiknum og	Allir starfsmenn fá tækifæri til þess að lesa lokaverkefni til B.Ed. prófs Handbók leikskólastarfsmanna „Hlutir sem gott er að hafa hugfast í kennslu barna“ eftir Ísleif Örn Garðarsson.	stjórnendur	Sep 2020	Maí 2021	Farið yfir allar spurningar úr ritgerðinni á deildarfundum næsta vetur	Skriflegar niðurstöður og umræður.

	samskipt um barna.						
--	--------------------------	--	--	--	--	--	--

ytrammat 2018

Ekki tókst að klára umbótaþætti er varða skólanámskrá og verða þeir því aftur á umbótaáætlun fyrir árið 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Í skólanámskrá á verði fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin	Skólanámskrá verði endurmetin. Bætt verði við áætlun um hvernig	Deildarstjóraru ndir þar sem áætlun er gerð. Kynnt á starfsdegi fyrir öllu starfsfólki.	stjórnendur	Sep 2020	Maí 2021	Deildarstjóraru ndum	100%



	markið eru metin.						
Öll markmið skólanámskr á verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti	Að markmiðin verði lifandi og sýnileg í leikskólanum	Gerð verði áætlun um hvernig markmiðin eru endurmetin.	stjórnendur	Sep 2020	Maí 2021	Deildarstjórafundum og starfsdagar notaðir	100%
Fyrir hvert markmið verði skilgreint viðmið um þann árangur sem stefnt er að	Að auðveldara verði að vinna að þeim markmiðum sem sett eru	Stjórnendur vinna sameiginlega að viðmiðum við markmið	stjórnendur	Sep 2020	Maí 2021	Deildarstjórafundum	100%



3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tekur allt starfsfólk í örsamtöl 2-3 sinnum yfir veturinn. Þá er til umræðu, líðan og óskir starfsmanna.

Lögð verður áhersla á fræðslu fyrir allt starfsfólk um læsi og málörvun tvítyngdra barna. Þessi námskeið eru auglýst að hausti og grípum við þá tækifærin og skráum starfsfólk á námskeið. Mímir er með íslensku námskeið fyrir starfsfólk leikskóla og munum við nýta það fyrir okkar starfsmenn. Einnig eru Efling og Mímir með námskeið fyrir ófagmenntað leikskóla sem við munum bjóða upp á fyrir okkar starfsmenn.

Sérfræðingar á vegum Miðju máls og læsis munu hafa fyrirlestur og verkefni á starfsdegi í september þar sem farið verður yfir ýmis hagnýt atriði varðandi málörvun og læsi leikskólabarna.

Kamilla Ingibergsdóttir mun einnig koma til okkar á starfsdegi í september og vinna með starfsmannahópnum í tónheilun og kakó yoga.

Áætlað er að fara í heimsóknir á leikskóla á Suðurnesjum sem hafa sérstaka áherslu á mál og læsi á starfsdegi fyrir áramótin.

Ekki tókst að fara í fyrir hugaða námsferð til Bergen Noregi. Stefnt er á að fara næsta vor þar sem skoðaðir verða skólar með áherslu á læsi og námskeið um umhverfið sem þriðji kennarinn.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Selásskóla er í föstum skorðum, heimsóknir eru skipulagðar að hausti og dagsetningar ákveðnar. (fylgiskjal, skipulag frá síðasta vetri fylgir)

Heimahagar er samstarf Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala. Skólarnir hittast á sama ákveðna staðnum og gera útinámverkefni saman og fara í leiki. (fylgiskjal, skipulag frá síðasta vetri fylgir)

Þróunarstyrkur fékkst fyrir áframhaldandi samstarfs Heimahagaverkefnis Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala. Nýtt verkefni heitir Heimahagar og íslenski hesturinn.

5 Foreldrasamvinna

Lögð verður áhersla á komandi vetri á að upplýsa foreldra sem best um starfið í leikskólanum í gegnum netið vegna þeirra aðstæðna sem covid-19 veldur. Foreldrar hafa ekki lengur eins mikinn aðgang að skólanum og þeim upplýsingum og fræðslu sem þar eru eins og áður. Foreldrafundur og



viðtöl verða með breyttu sniði samkvæmt þeim tilmælum sem við fáum frá sóttvarnarlækni varðandi skólahald. Aðlögun barna er einnig með breyttu sniði þar sem annað foreldrið sér um aðlögunina og foreldrar beðnir um að koma með grímur og gæta vel að sóttvörnum. Foreldrar fá upplýsingar sendar í gegnum tölvupóst og viðtal er við deildarstjóra í aðlögunarvikunni. Foreldrakaffi og uppskeruhátíð verða líklega ekki fyrir áramót og farið verður að öllum fyrirmælum varðandi fjarlægðarmörk .

Foreldraráð er við skólann og skipar þrjá fulltrúa sem gáfu kost á sér nýlega. Foreldraráð hefur það verkefni með höndum að gefa skriflegar umsagnir um starfsáætlun, skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð fylgist með framkvæmd skólanámskrár og er boðað á fund í leikskólann í kringum áramót þar sem leikskólastjóri fer yfir gang mála varðandi framgang ýmissa verkefna sem skólinn vinnur að auk þess að svara þeim spurningum sem upp koma í yfirferð yfir starfsáætlun og skólanámskrá. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag er ekki virkt í leikskólanum, foreldrar hafa ekki boðið sig fram þó ítrekað hafi verið óskað eftir fulltrúum í foreldrafélag. Eitt foreldri bauð sig fram sem gjaldkera og því er því starfi sem verið hefur undanfarin ár í nafni foreldrafélagsins haldið áfram. Foreldrar greiða ákveðin gjöld í foreldrafélag og er það valfrjáls greiðsla og skólinn kaupir inn leikrit, fær jólasvein á jólaskeiðmætti og fær listafólk á sumarhátíð. Áfram verður haldið áfram að óska eftir foreldrum í foreldrafélag.

Móttaka og samskipti við erlenda foreldra er með aðstoð túlks og undirbúningsfundir og upplýsingafundir eru túlkaðir. Misjafnt er hvort túlkur þarf að vera með í aðlögun en það fer eftir skilningi á íslensku og ensku og er metið hverju sinni. Foreldrar allra barna fá upplýsingapakka frá leikskólanum og er hann einnig til á pólsku hjá okkur. Einnig fá foreldrar upplýsingar á sínu tungumáli frá Reykjavíkurborg þar sem heitir „*Velkomin til samstarfs um leikskólabarnið*“. Öll tvítyngd börn fá samskipta bók þar sem lögð er áhersla á að auka málskilning barnsins og auka skilning á starfi leikskólans. Barnið fær sérstaka málörvun þar sem áhersla á íslensku er í fyrirrúmi.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Í vor var annar af starfsdögum feldur niður vegna þess að ekki var farið í námsferð til Bergen og með samþykki foreldraráðs skólans var ákveðið að geyma daginn til skólaársins 2020 – 2021. Starfsdagar skólaársins ásamt sameiginlegum dögum með grunnskólum í hverfinu eru:

17. og 18. september,

18. nóvember (18.nóvember er sameiginlegur)



5.febrúar 2021 (sameiginlegur)

21. og 23. apríl (námsferð)

10.maí (sameiginlegur).

Sjá Skóladagatal.

7 Fylgigögn

Skóladagatal 2020 til 2021

Skipulag fyrir samstarf Heimahaga

Skipulag fyrir samstarf vegna elstu barna við Selásskóla

7.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 **Blásalir**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Blásalir**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Foreldrakaffi	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	Fridagur verslunarmanna	2 M	2 F Uppákomudagur	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F Dagur leikskólans	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F starfsdagur	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F		7 M Aðlögun	7 M Foreldrafundur	7 L	Baráttudagur gegn einelti	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F Opið hús	7 M	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M Foreldraviðtöl	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F	9 M	9 M Snillinga jól	9 L	9 Þ	9 Þ Foreldraviðtöl	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M		10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M Foreldraviðtöl	10 L	10 M Starfsdagur	10 F	10 L
11 Þ		11 F Uppskeruhátíð	11 S	11 M	11 F Jólaball	11 M	11 F	11 F Foreldraviðtöl	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Foreldraviðtöl	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F Leikskólinn opnar	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 M	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M Aðlögun	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Foreldrakaffir	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur ísl. náttúru	16 F	16 M Ömmu og afa kaffi	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M Sumarhátíð	16 F
17 M Aðlögun	17 F Starfsdagur	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M Öskudagur - Ball	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F Starfsdagur	18 S	18 M Starfsdagur	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M Foreldraviðtöl	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M Hjóladagur	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ Foreldraviðtöl	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M Foreldraviðtöl	21 L	21 M Vetrarsólstöður-lukti	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Starfsdagur	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F Foreldraviðtöl	22 S	22 Þ	22 F Porrablót	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F Foreldraviðtöl	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Starfsdagur	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M Setning grunnskóla	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F Sólstöðuhlaup	24 L
25 Þ Aðlögun	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M Kynningarfundur	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F Uppákomudagur	26 F	26 M	26 M	26 M Útskrift - Snilling	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ Bangsadagur	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmásunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F Uppákomudagur			29 M	29 F	29 Þ	29 Þ
30 S		30 M	30 F	30 M	30 M	30 L			30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S			31 M	31 M		